

# Aðalfundur SSV 2012

Haldinn í Stykkishólmi 31. ág. – 1. sept.




*„Tvöfalda brúna“*

*Skilaboð umræðuhópa*



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi





Umsjón með umræðu á aðalfundinum var í höndum Sigurborgar Kr. Hannesdóttur, MSc, hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf í Grundarfirði. Hún er jafnframt forseti bæjarstjórnar Grundarfjarðar og situr í stjórn SSV. Undirbúningur fór fram í samstarfi við starfsmenn og stjórn SSV. Sigurborg undirbjó umræðupunkta og hópstjóra, hafði umsjón með umræðuhlutum fundarins og vann þessa samantekt úr gögnum frá umræðuhópum.

Ljósmyndir eru frá SSV.

Öllum sem þátt tóku í umræðum, hópstjórum, stjórn og starfsmönnum SSV eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf og lifandi samræðu.

## EFNISYFIRLIT

Samantekt .....	4
1. Inngangur .....	2
2. Stjórnsýsla .....	2
2.1 Punktar til umræðu .....	2
2.2 Viðbrögð við breytingum.....	3
2.3 Breytingar á stjórn.....	3
2.4 Upplýsingaflæði og umsagnir .....	4
2.5 Samráðsvettvangur og ákvarðanataka .....	4
2.6 Samstarf / sameining sveitarfélaga .....	5
2.7 Staðsetning byggðamála í stjórnkerfinu.....	5
3. Framtíðarsýn – sóknaráætlun .....	5
3.1 Punktar til umræðu .....	5
3.2 Samgöngumál og grunnþjónusta .....	6
3.3 Atvinnumál, ímynd og samkeppnisstaða .....	6
3.4 Menntun og menningarmál .....	6
3.5 Umhverfis- og orkumál.....	7
3.6 Sóknaráætlun og IPA verkefni .....	7
4. Að lokum .....	8

## SAMANTEKT

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi eru, líkt og sambærileg samtök annars staðar á landinu að fá aukið hlutverk og vægi í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Þegar hafa verið flutt stór verkefni yfir til sveitarfélaganna þar sem landshlutasamtökin eru í lykilhlutverki, s.s. almenningsamgöngur og þjónusta við fatlað fólk. Einnig er það í höndum landshlutasamtakanna að vinna sóknaráætlun fyrir viðkomandi landshluta, vegna Sóknaráætlunar 20/20 á landsvísu. Stefnt er að því að fjármagn sem ríkið hefur veitt til verkefna á landsbyggðinni renni í vaxandi mæli inn í landshlutasamtökin sem sjái um úthlutun þess.

Á aðalfundi SSV sem haldinn var í Stykkishólmi, var þetta aukna hlutverk til umræðu ásamt sóknarfærum Vesturlands. Hefðbundið fundarform var brotið upp og fram fór samræða þar sem sátu saman við borð fulltrúar frá ólíkum sveitarfélögum. Gerður var góður rómur að umræðuforminu á fundinum.

Í máli ýmissa fundargesta heyrðust efasemdir um að búa til nýtt „stjórnkerfi“ sem væri jafnvel að taka yfir þætti í hlutverki sveitarstjórnanna. Niðurstaða fundarins varð þó sú að líta á þetta sem tækifæri. Mikilvægast sé á þessum tímamótum að styrkja tengslin milli sveitarfélaganna og SSV. Fjölga þurfi í stjórn, þannig að öll sveitarfélögin eigi fulltrúa jafnvel þó um áheyrnarfulltrúa yrði að ræða fyrir þrjú minnstu sveitarfélögin. Auka þurfi upplýsingaflæði eða „tvöfalda brúna“ milli SSV og sveitarstjórna, því endanleg ábyrgð á verkefnum liggur hjá sveitarfélögunum. Rætt var um að búa til breiðan samstarfsvettvang á Vesturlandi með aðkomu atvinnulífs, stofnana og sveitarfélaga, til að vinna að sóknaráætlun. Fagræð eða nefnd vinni úr tillögum þaðan og leggi fyrir stjórn.

Fram komu skiptar skoðanir um sameiningu sveitarfélaga en lögð áhersla á enn frekara samstarf.

Samgöngur og fjarskipti, jöfnun orkukostnaðar og grunnþjónusta í löggæslu og heilbrigðisþjónustu eru stærstu hagsmunamál Vestlendinga, að mati þátttakenda. Þá var rætt um sóknarfæri í ferðaþjónustu, sjávarútvegi og iðnaði, framhaldsskóla, umhverfisvottun, frumkvöðlastuðning og að styrkja ímynd Vesturlands.

Stjórn SSV mun nú taka skilaboð fundarins til skoðunar og eftirfylgni.

Þær breytingar á skipulagi og verklagi hjá SSV sem kallað er eftir, eins og reyndar á landsvísu, munu gerast samhliða því að aukin verkefni flytjast til samtakanna. Framundan er mótunar- og lærdómsferli þar sem mestu skiptir að sveitarfélögin eigi aðkomu, samkvæmt skilaboðum umræðunnar á aðalfundinum. Ef tekst að „tvöfalda brúna“, mun það jafnframt styrkja bakland stjórnar og starfsfólks gagnvart þeirri auknu ábyrgð sem landshlutasamtökin eru að takast á hendur.



„Hvað er lýðræði?“

# 1. INNGANGUR

Á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 2012, sem haldinn var í Stykkishólmi dagana 31. ágúst – 1. september, fór fram vinna í umræðuhópum. Fyrri daginn var rætt um stjórnsýslu og síðari daginn um framtíðarsýn.

Í hópum var breið þátttaka frá nær öllum sveitarfélögum á Vesturlandi. Hópstjórar voru Laufey Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar, Lárus Ástmar Hannesson, forseti bæjarstjórnar í Stykkishólmi, Páll Brynjarsson, bæjarstjóri Borgarbyggðar og Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Dalabyggðar. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir sinn þátt sem og öllum þátttakendum. Starfsfólk SSV tók ekki þátt í starfi hópanna, til að tryggja hlutleysi.

Umræður voru líflegar og gerður góður rómur að þessu fyrirkomulagi í aðalfundarstörfum. Fundarmenn töldu það til bóta að setjast niður saman og fara yfir málin í smærri hópum og að gjarnan hefði mátt gefa því meiri tíma.

Hér fer á eftir samantekt um skilaboð umræðunnar. Kaflaskipti fylgja umræðuefnum, þ.e. „Stjórnsýsla“ og „Framtíðarsýn“. Samantektinni lýkur með kaflanum „Að lokum“.



## 2. STJÓRNSÝSLA

Umræðuhópar voru þrír og voru 6 – 8 þátttakendur í hverjum hópi. Fulltrúar frá stýrineti Sónaráætlunar 20/20 voru til taks til upplýsinga fyrir hópana. Allir hópar ræddu viðfangsefnið út frá sömu punktum, sem sjá má hér á eftir. Hver hópur hafði frelsi varðandi efnistöð og hvaða tíma var varið í hvert efni.

### 2.1 PUNKTAR TIL UMRÆÐU

Punktur til umræðu um stjórnsýslu voru þessir:

Með auknu vægi landshlutasamtaka í samskiptum ríkis og sveitarfélaga vakna ýmsar spurningar.

- Getum við haft áhrif á þessa þróun og þá hvernig?
- Ef þetta verður raunin:
  - Hvernig tökum við ákvarðanir um verkefni og viðfangsefni SSV?
  - Þarf að breyta vinnubrögðum og verklagi?
  - Hvar liggur umboð og ábyrgð?
  - Þarf að breyta kjöri, samsetningu eða fjölda fulltrúa í stjórn SSV?
- Hvað með samstarf og/eða sameiningu sveitarfélaga?

Hugmyndir varðandi breytt skipulag, ræddar á fundi fulltrúa SSV í innanríkisráðuneyti 20. ágúst sl.:

- Setja á legg ráðgefandi hóp (samráðsvettvang) sem flestra aðila á svæðinu, samansettan af fulltrúum sveitarstjórna, stofnana bæði ríkis og sveitarfélaga, atvinnulífi, hagsmunaaðilum eins og verkalýðsfélögum, (50 – 70 manns) til að koma saman 1 – 2 svar á ári og fjalla um áhersluatriði svæðisins varðandi sóknaráætlun og verkefni henni tengd.
- Þessi hópur velji minna fagrað 10 – 15 manns sem komi oftast saman og finnússi verkefnalista sóknaráætlana (4 – 5 sinnum á ári).
- Skipuð verði valnefnd sem sér um að úthluta verkefnafé (sambærilegt við það sem stjórn Vaxtarsamningsins er í dag). Valnefnd taki endanlega ákvörðun.

Annað til umræðu:

- Hvar ætti að vista Byggðastofnun og byggðamál í stjórnarráðinu eftir þær uppstokkanir sem þar hafa verið?

*Niðurstaða hópsins á að snúast um viðbrögð við áformum um breytt umhverfi í stjórnkerfinu og skilaboð um fyrirkomulag á Vesturlandi.*

## 2.2 VIÐBRÖGÐ VIÐ BREYTINGUM

Í máli ýmissa fundargesta heyrðust efasemdir um að búa til nýtt „stjórnkerfi“ sem væri jafnvel að taka yfir þætti í hlutverki sveitarstjórnanna. Niðurstaða fundarins varð þó sú að líta á þetta sem tækifæri en að breytt hlutverk SSV kalli á breytingar á vinnubrögðum og verklagi. Mikilvægast sé á þessum tímamótum að styrkja tengslin milli sveitarfélaganna og SSV, sem mætti orða svo að það þurfi að „tvöfalda brúna“ þarna á milli. Tilgangurinn væri tvíþættur, annars vegar að auka upplýsingaflæði frá SSV til sveitarfélaganna og hins vegar að gefa fleirum aðkomu að mótun mála og ákvarðanatöku.


Bent var á að gæta þurfi þess að ekki fari of hátt hlutfall þess fjármagns sem koma mun inn í fjórðunginn, í stjórnsýsluna.

## 2.3 BREYTINGAR Á STJÓRN

Lagt var til að fjölgað verði í stjórn SSV þannig að öll sveitarfélög eigi þar fulltrúa. Rætt var um lýðræðishalla og mikilvægi þess að auka þátttöku og áhuga. Meðal annars var bent á að svokallaðir „minnihlutar“ eigi yfirleitt enga aðkomu að stjórn SSV.

Tvær mögulegar leiðir voru nefndar:

- Öll sveitarfélög eigi fulltrúa í stjórn.
- Eða að stærri sveitarfélögin eigi fulltrúa og minnstu sveitarfélögin þrjú áheyrnarfulltrúa.



*„Við getum haft áhrif með samræðum.“*

## 2.4 UPPLÝSINGAFLÆÐI OG UMSAGNIR

Fundargestum var hugleikið að auka þurfi upplýsingaflæði milli SSV og sveitarfélaganna og kynningu á verkefnum og störfum samtakanna, enda liggi endanleg ábyrgð hjá sveitarfélögunum. Bent var á nokkrar leiðir:

- Fundargerðir verði teknar til ítarlegrar umræðu í bæjarráðum / sveitarstjórnnum, en ekki afgreiddar í fljótheitum.
- Fulltrúar í stjórn leggi áherslu á að miðla upplýsingum inn í sínar sveitarstjórnir.
- Kallað verði eftir umsögnum sveitarstjórna varðandi tiltekin verkefni.

## 2.5 SAMRÁÐSVETTANGUR OG ÁKVARÐANATAKA

Í umræðu um sóknaráætlun var lögð áhersla á að búa til samráðsvettvang sem gerði tillögur til stjórnar um verkefni og skiptingu fjármagns. Tvær mögulegar leiðir voru helst hafðar til hliðsjónar og kynntar í máli fyrirlesara og/eða í umræðupunktum. Annars vegar sambærileg leið og farin hefur verið hjá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, SASS og hins vegar hugmynd sem sjá má efst á bls. 4 hér á undan. Hjá SASS er stýrihópur þar sem sitja 55 manns, fulltrúar sveitarfélaga, atvinnulífs og stofnana. Átta fulltrúar úr þessum hópi skipa framkvæmdaráð sem gerir tillögur til stjórnar SASS um verkefni á sóknaráætlun.

Samkvæmt hugmynd sem rædd var á fundi í innanríkisráðuneytinu, væru þrjú stig í ákvarðanatökunni, samráðsvettvangur, fagråd og valnefnd. Endanleg ákvörðun væri í höndum valnefndar en ekki stjórnar SSV.

Allir hópar lögðu áherslu á mikilvægi samráðsvettvangs og virtist SASS leiðin fá töluverða umræðu. Bent var á þann möguleika að „handvelja“ inn á samráðsvettvang en jafnframt hafa fundina opna þannig að allir sem það vildu gætu tekið þátt í ferlinu.

Rætt var um fagråd / nefnd og lagði einn hópanna til að SSV (þá væntanlega stjórn) myndi skipa það / hana. Hlutverk slíks fagráðs / nefndar væri þá að taka við skilaboðum frá samráðsvettvanginum og gera tillögu til stjórnar um forgangsöröðun verkefna og fjármuna. Samkvæmt því ætti endanleg ákvörðun að vera í höndum stjórnar.



*„Auka samstarf  
sveitarfélaganna.“*

*„Öll sveitarfélögin þurfa að  
eiga fulltrúa í stjórn.“*

## 2.6 SAMSTARF / SAMEINING SVEITARFÉLAGA

Fram komu skiptar skoðanir um sameiningu sveitarfélaga en allir hópar lögðu áherslu á samstarf og vildu jafnvel auka það enn frekar. Aukið samstarf gæti þjappað sveitarfélögum saman og e.t.v. undirbúið sameiningu, að mati þátttakenda.

## 2.7 STAÐSETNING BYGGÐAMÁLA Í STJÓRNKERFINU

Tveir af þremur hópum ræddu um staðsetningu byggðamála í stjórnkerfinu og töldu báðir að þau ættu heima í innanríkisráðuneytinu. Þriðji hópurinn náði ekki að ræða spurninguna.

# 3. FRAMTÍÐARSÝN – SÓKNARÁÆTLUN

Í þessum hluta fundarins störfuðu þrjú umræðuhópar, 6 – 8 fulltrúar í hverjum. Breytingar urðu á þátttöku þar sem nokkrir fulltrúar fóru í lok fyrri fundardags og nýir komu inn. Allir hópar ræddu viðfangsefnið út frá sömu punktum, sem sjá má hér á eftir. Hver hópur hafði frelsi varðandi efnistöð og hvaða tíma var varið í hvert efni.

Allt var undir og því komið víða við, en til gamans má geta þess að í kynningu eins hóps kom fram að þrennt hefði fengið mest vægi í þeirra umræðu; samgöngumálin, menntamálin og atvinnumálin.


## 3.1 PUNKTAR TIL UMRÆÐU

Punktur til umræðu um framtíðarsýn voru þessir:

Með breyttu verklagi ríkisins við forgangsröðun fjármuna er kallað eftir forgangsröðun fjórðungsins. Hún þarf að koma frá kjörnum fulltrúum og vera studd þekkingu um aðstæður og tækifæri á sínum svæðum.

Hver eru mikilvægustu framfaramál Vesturlands til að stuðla að farsæld og hagsæld íbúa fjórðungsins? Hér er allt undir:

- Samgöngumál; vegir, fjarskipti og almenningssamgöngur.
- Atvinnumál; landbúnaður, sjávarútvegur, ferðaþjónusta, iðnaður og tæknimál.
- Markaðsstaða og ímynd Vesturlands, markaðsstarf og aðgengi að mörkuðum.
- Menntamál; leik- og grunnskólar, framhaldsskólar, háskólar og símenntun.
- Menningarmál; m.a. forgangsröðun fjármuna frá Menningarráði Vesturlands.
- Umhverfismál, þ.m.t. orkumál.
- Velferðarmál; heimilin, heilbrigðismál, löggæsla og öryggi.
- Samstarf á Vesturlandi; sveitarfélög, atvinnulíf, menntastofnanir, menningarstofnanir og fleiri.



*Niðurstaða hópsins á að snúast um verkefni til varnar og sóknar, sem þ.a.l. geta átt heima í sóknaráætlun fyrir Vesturland.*

*„Jafna stöðu íbúa – auka samkeppnishæfni.“*



### 3.2 SAMGÖNGUMÁL OG GRUNNÞJÓNUSTA

Auk ofangreindra punkta fengu hóparnir til umfjöllunar, tillögur samgöngunefndar SSV. Þær voru síðan bornar upp á fundinum og verður þeim því ekki gerð skil hér sérstaklega. Af þessu leiðir hins vegar að talsverð umræða varð um samgöngumál á Vesturlandi í hópunum og var þetta helst rætt:

- Samgöngumál; sammála forgangi SSV um fjórar stórar framkvæmdir á svæðinu, Fróðárheiði, Skógarströnd, Uxahryggi og Grunnafjörð.
- Samgöngubætur; áhersla á öryggi, „einbreiðar brýr“, vetrarþjónustu og innansveitarvegi.
- Fjarskiptamál; lykilatriði að tryggja að allstaðar á Vesturlandi sé gott gsm-símasamband og netsamband. Í dag séu þarna gloppur sem þurfi að bæta úr og þá ekki „plástra“ heldur með framtíðarlausnum.
- Almenningsamgöngur; nýtt skipulag er áhugavert og bundnar miklar vonir við það.
- Aðstöðujöfnun; nettenging, samgöngur, húshitunarkostnaður, raforkukostnaður.
- Þarf meira fjármagn til að tryggja grunnþjónustu í löggæslu- og heilbrigðismálum.

### 3.3 ATVINNUMÁL, ÍMYND OG SAMKEPPNISSTAÐA

Hóparnir komu víða við í umræðum sínum um atvinnumál. Helst má telja:

- Efla atvinnulíf almennt á svæðinu, efla frumkvöðlamenntun, frumkvöðlafræðslu og stuðning við frumkvöðla og það verði lykilþáttur í uppbyggingu atvinnulífs, að styðja við frumkvöðlana.
- Ferðaþjónusta
  - Lengja ferðamannatímamann og auka arðinn í atvinnugreininni.
  - Matarkistuverkefnið tengist ferðaþjónustu og líka sjávarútveginum.
- Iðnaður
  - Grundartangasvæðið er orðið mjög öflugt, það þurfa fleiri að njóta góðs af þeirri uppbyggingu og margfeldisáhrifin að ná yfir stærra svæði, m.a. með því að fleiri starfsmenn búi innan Vesturlands.
- Markaðs- og ímyndarmál
  - Setja af stað almennt átak til að styrkja ímynd Vesturlands, átak þar sem allt er undir, ekki bara ferðaþjónusta, heldur líka nota átakið til að laða að nýja íbúa.



*„Efla frumkvöðla til að styðja við iðnað og allt atvinnulíf.“*

### 3.4 MENNTUN OG MENNINGARMÁL

Nokkuð var rætt um menntun og skólastarf og kom m.a. fram að staðan í skólamálum, allt frá leikskólum til háskólastigs sé góð á Vesturlandi, ekki margir landshlutar sem búi við svo sterka stöðu. Um þetta þurfi að standa vörð, þannig að þessar stofnanir nái að eflast frekar, sem gæti kallað á töluverða baráttu framundan, að mati þátttakenda.

Fleira var nefnt:

- Standa vörð um sjálfstæði framhaldsskólanna.
- Auka samstarf sveitarfélaga í fræðslu- og skólamálum, sérstaklega varðandi sérfræðiaðstoð og annað slíkt. Hér er ekki átt við nýja skólaskrifstofu heldur samstarf um söfnun og miðlun sérfræðipækkingar.
- Menningarmál; þar þarf aukið fjármagn í gegnum menningarsamning.

### 3.5 UMHVERFIS- OG ORKUMÁL

Í niðurstöðum frá einum hópi kom eftirfarandi fram um umhverfismál: „Almennt er staðan ágæt á Vesturlandi varðandi umhverfismálin. Við erum með sveitarfélög sem verið hafa í fararbroddi fyrir ákveðnum breytingum; Snæfellsnes í umhverfivottun, Stykkishólmur í sorphirðumálum, stórar framkvæmdir í fráveitumálum á sunnanverðu Snæfellsnesi, þannig að staðan er almennt ágæt og við veltum því fyrir okkur, er ekki rétt að allt Vesturland fái einhverja umhverfivottun? Menn geta deilt um það hvernig Earth Check verkefnið hefur heppnast, það munu vera skiptar skoðanir meðal sveitarfélaga á Snæfellsnesi um hvernig það gengur. En við töldum að það yrði mikill akkur fyrir okkur að allt Vesturland væri með umhverfivottun og það myndi líka styrkja ímyndina hjá okkur.“

Við upphæf umræðunnar um framtíðarsýn var lögð fram og samþykkt ályktun um niðurgreiðslur til húshitunar, en hana má finna á [www.ssv.is](http://www.ssv.is). Einnig var bent á mikilvægi orkuleitar.

### 3.6 SÓKNARÁÆTLUN OG IPA VERKEFNI

Umræðan um sóknaráætlun og IPA styrki, tengist umræðunni um fyrirkomulag við mótun áætlunarinnar og úthlutun fjármagns, sbr. kafla 2.5 hér á undan. Þetta var nokkuð rætt í hópunum.

Varðandi IPA verkefni voru skilaboðin þau að almennt ætti að leggja áherslu á verkefni sem komin eru vel á veg, þar sem leiðir að markmiðum eru orðnar sæmilega vel skilgreindar og hugmyndir eru skýrar. Fram kom að að mörgu leiti mætti taka undir þau 4 verkefni sem komin eru á blað og ekki komu hugmyndir um nýjar, utan að Svæðisgarður á Snæfellsnesi var nefndur.



*„Tryggð grunnþjónusta í löggæslu og heilbrigðisþjónustu.“*

## 4. AÐ LOKUM

Þrátt fyrir að á fundinum hafi heyrst efasemdarraddir um það aukna vægi sem landshlutasamtök eru nú að fá í samskiptum ríkis og sveitarfélaga var niðurstaða umræðnanna sú að líta á það sem tækifæri. Þetta kalli á breytingar bæði á skipulagi og verklagi hjá SSV – nokkuð sem er að gerast á landsvísu. Samkvæmt skilaboðum fundarins skiptir mestu að tryggja gott upplýsingaflæði og virka þátttöku í því sem nú er framundan.

Orðinu „lærdómsferli“ er oft fleygt í umræðunni um Sóknaráætlun 20/20. Þess má vænta að við taki nú lærdómsferli hjá SSV og sveitarfélögum og atvinnulífi á Vesturlandi og mótun á nýju ferli mun gerast samhliða því að sækja og móta efnivið fyrir sóknaráætlun landshlutans.

Stjórn mun nú fá þessi skilaboð í hendur, vinna úr þeim og fylgja eftir.

Ef tekst að „tvöfalda brúna“, mun það efla sveitarfélögin og jafnframt styrkja bakland stjórnar og starfsfólks gagnvart þeirri auknu ábyrgð sem landshlutasamtökin eru að takast á hendur.

Með góðum óskum,  
Sigurborg Kr. Hannesdóttir



*„Það er til bóta að setjast niður saman og fara yfir málin í smærri hópum.“*